

# Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

## 17. FUNDUR – 21. desember 2011

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 17. fundar miðvikudaginn 21. desember 2011 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

### Dagskrá:

1. *Fjárhagsáætlun 2012 – síðari umræða*
2. *Þriggja ára áætlun – fyrri umræða*
3. *Fundargerðir:*
  - a) *Bæjarráð frá 6. desember 2011*
  - b) *Bæjarráð frá 13. desember 2011*
  - c) *Bæjarráð frá 15. desember 2011*
  - d) *Fræðslunefnd frá 6. desember 2011*
4. *Tillaga um að útsending gagna bæjarstjórnar og nefnda verði send út með rafrænum hætti.*

### Afgreiðslur:

#### 1. *Fjárhagsáætlun 2012 – síðari umræða*

Lögð fram fjárhagsáætlun 2012 til síðari umræðu. Arnar Þór, bæjarstjóri, stiklaði á stóru í stefnuræðu sinni sem lögð var fram á fundinum. Fjármálastjóri Blönduóssbæjar, Valgerður Hilmarsdóttir, mætti á fundinn og svaraði spurningum varðandi áætlunina og breytingar á henni frá fyrri umræðu. Miklar umræður urðu um áætlunina.

Forseti bæjarstjórnar lagði fram eftirfarandi bókun:

*„ Fjárhagsáætlun Blönduóssbæjar 2012 var unnin af bæjarráði í góðri samvinnu meiri- og minnihluta. Tekjur vaxa um rúmar 50 milljónir frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2011 en gjöld um 32 milljónir. Niðurstaða fyrir fjármagnsliði er jákvæð um rúmar 38 milljónir sem er mikil breyting frá neikvæðri niðurstöðu í ársreikningi 2010. Framlegð frá rekstri er áætluð 13,18% sem sýnir að reksturinn er í ásættanlegu horfi og veltufé frá rekstri verði 8,3% og stendur að mestu undir afborgunum langtímalána. Samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir að skuldir samstæðunnar lækki. Stefnt er að sölu einnar íbúðar en sveitarfélagið á 35 íbúðir.*

*Þá eru lagðir fjármunir til ýmiskonar viðhalds og kaupa á búnaði í öllum deildum. Fjárfestingar eru í lágmarki eins og stefnt var að í langtímaáætlun 2012-2015 en munu fara vaxandi á komandi árum.*

*Rekstrarniðurstaðan er áætluð jákvæð um 14 milljónir að frádregnum afskriftum samanborið við 9 milljóna króna neikvæða niðurstöðu í áætlun 2011.*

*Bæjarstjórn vill þakka bæjarráði og starfsmönnum Blönduósbæjar fyrir þá miklu vinnu sem liggur að baki fjárhagsáætlunnar. Lögð hefur verið áhersla á að verkefnið sé unnið af starfsmönnum og kjörnum fulltrúum með þátttöku allra þessara aðila í vinnunni. Bæjarstjórn hefur átt gott samstarf við alla þessa aðila við vinnu og þá stefnumörkun sem felst í fjárhagsáætlun Blönduósbæjar fyrir árið 2012.“*

L-listinn lagði fram eftirfarandi tillögu: „Bæjarstjórn samþykkir að gjaldstofn vegna hesthúsa í þéttbýli verði c-flokkur án álags eða 1,32%“

Undir þetta rita Kári Kárason, Anna Margret Sigurðardóttir, Zophonías Ari Lárusson og Ágúst Þór Bragason.

S-listinn lagði fram eftirfarandi tillögu: „S-listi leggur til að álagning fasteignaskatts á hesthús í eigu einstaklinga verði 0,75% í c-flokki“

Undir þetta rita Hörður Ríkharðsson, Þórdís Erla Björnsdóttir og Oddný María Gunnarsdóttir.

S-listinn lagði fram eftirfarandi tillögu: „S-listi leggur til að laun forseta bæjarstjórnar verði þau sömu og laun formanns bæjaráðs.“

Undir þetta rita Hörður Ríkharðsson, Þórdís Erla Björnsdóttir og Oddný María Gunnarsdóttir.

Tillagan S-listans um álagningu fasteignaskatts á hesthús borin undir atkvæði. Tillagan var felld með 4 atkvæðum gegn 3 atkvæðum.

Tillagan L-listans um gjaldstofn vegna hesthúsa borin undir atkvæði. Tillagan var samþykkt með 4 atkvæðum, tveir greiddu atkvæði gegn tillögunni og einn greiddi ekki atkvæði.

Tillaga S-listans um laun forseta bæjarstjórnar borin undir atkvæði. Tillagan var felld með 4 atkvæðum gegn 3 atkvæðum.

Að þessu loknu var fjárhagsáætlun 2012 og gjaldskrá bæjarins borin undir atkvæði og samþykkt með 4 samhljóða atkvæðum.

## **2. Þriggja ára áætlun**

Lögð fram 3ja ára fjárhagsáætlun Blönduósbæjar fyrir árin 2013-2015. Fyrri umræða. Nokkrar umræður urðu um áætlunina en að henni lokinni vísaði forseti fjárhagsáætlun Blönduósbæjar til síðari umræðu. Það var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Fjármálastjóri yfirgaf hér fundinn.

## **3. Fundargerðir:**

### **a. Bæjarráð frá 6. desember 2011**

Fundargerðin er í 8 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Oddný María vék af fundi undir umræðum um 3ja lið fundargerðarinnar. Nokkrar umræður urðu um

fundargerðina. Ágúst Þór óskar eftir að sitja hjá við 4 lið fundargerðarinnar. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

**b. Bæjarráð frá 13. desember 2011**

Fundargerðin er í einum lið. Gaf ekki tilefni til ályktana. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

**c. Bæjarráð frá 15. desember 2011**

Fundargerðin er í 5 liðum. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

**d. Fræðslunefnd frá 6. desember 2011**

Fundargerðin er í tveimur liðum. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

**4. Tillaga um breytt fyrirkomulag á fundarboðun bæjarstjórnar og nefnda.**

Forseti bæjarstjórnar leggur fram eftirfarandi tillögu: „Bæjarstjórn Blönduósbæjar samþykkir að frá og með 1.1.2012 verði fundarboð bæjarstjórnar Blönduósbæjar, bæjarráðs og nefnda sent út með rafrænum hætti.

*Við endurskoðun á samþykktum um stjórn Blönduósbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar í tengslum við ný sveitarstjórnarlög verði sérstaklega gert ráð fyrir að heimilt verði að fundarboðum bæjarstjórnarfunda og nefnda verði með rafrænum hætti.“*

Tillagan var síðan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:20

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)

Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Þórdís Erla Björnsdóttir (sign.)

Hörður Ríkharðsson (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)